

Samþykkt

91
28. ág.

um girðing í neðri hluta Hvítársíðuhrepps og fremsta hluta Stafholtstungnahrepps.

Sýslunefndin í Mýrasýslu hefir samkvæmt girðingalögum 22. nóvember 1913 gert eftirfarandi samþykkt um girðing í neðri hluta Hvítársíðuhrepps og fremsta hluta Stafholtstungnahrepps.

1. gr.

Í Hvítársíðuhreppi skal vera gaddavirsgirðing frá Kjarará við Skjaldmeyjargil suðaustur yfir Síðufjallið að Hvítá á landamerkjum milli Sámsstaða og Haukagíls.

2. gr.

Girðingin skal vera með þeirri gerð, sem ákveðin er í gildandi lögum og reglugerð um gaddavirsgirðingar.

3. gr.

Girðing þessi er gerð til nota fyrir ábúendur á jörðunum Sámsstöðum, Háafelli, Þórgautsstöðum, Fróðastöðum og Síðumúla í Hvítársíðuhreppi, og á jörðunum Sleggjulæk og Ásbjarnarstöðum í Stafholtstungnahreppi, og kosta ábúendur á öllum þeim jörðum lagning hennar og viðhald, þannig, að þeir auk árlegs viðhaldskostnaðar greiða áskilda 4% vexti og afborganir af láni, sem tekið er úr viðlagasjóði til girðingarinnar með skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir slíkum lánum í 22. gr. 1. fjárlaga 11. júlí 1911. Kostnaðarupphæð þeirri, er jafna ber niður í hvert sinn, skal jafna niður á alla þá, er búa á fyrnefndum jörðum í rjettu hlutfalli við tíundarbær lausafjárhundruð hvers þeirra í sauðfje og stóðhrossum, eftir seinasta tíundarframtali þeirra. Skylt er hreppstjórum, að gefa þeim, er eiga að jafna gjaldinu niður, nauðsynlegar upplýsingar eftir tíundarskýrslum.

4. gr.

Girðingarfelagar, þ. e. allir búendur á girðingarsvæðinu, skulu halda aðalfund í aprílmánuði ár hvert. Á þeim fundi kjósa þeir þrjá menn í stjórnarnefnd, til þess að jafna kostnaðinum niður og hafa eftirlit með girðingunni. Kosningin gildir um 1 ár. Nefndin kys sjer formann. Stjórnarnefndin annast um nauðsynlega viðgerð á girðingunni, niðurfjörðun kostnaðar og innheimtu og

91 að koma rentu og afborgun af girðingarláninu til skila í tæka tíð. Reikningsskil 28. ág. leggur nefndin fram á aðalfundi til úrskurðar.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 28. ágúst 1914.

Sig. Eggerz

Jón Hermannsson.

92
28. ág.

Reglugjörð

fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o. fl.

1. gr.

Hreppsnefnd og bæjarstjórn boðar með fjallskilaseðli þrem vikum fyrir fyrstu fjallgöngur, hvernig göngu skuli hagað og hverjir skuli fara í utansveitarrjettir.

2. gr.

Enginn má heimildarlaust reka sauðfjenað eða hross í land annars manns, nje heldur án leyfis hlutaðeigandi landráðanda eða hreppsnefndar ónáða fje á fjalli eða í annars manns landi.

3. gr.

Skyldur skal hver sá, sem á 6 kindur eða fleiri að smala fjenaði til rjetta, svo og að fara í útrjettir eftir fyrirlagi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Til útrjetta skulu jafnan valdir svo markglöggir menn og áreiðanlegir sem kostur er á. Skyld skal vera að jafna smölunum og rjettarferðum hlutfallslega niður á menn eftir fjäreign. Skulu sendimenn þessir leysa það verk vel af hendi og afhenda fjenaðinn, sem þeir hirða, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða skilvísun mönnum í hreppnum eða bæjarfjelaginu. Sannist það að einhver sendimaður vanræki skyldu sína í þessu efni, skal hann bæta það, sem af því leiðir; skal bæjarfjelaði láta vaka yfir fjenu, ef það er haft í rjettum eða girðingum í landi bæjarins að næturþeli.

4. gr.

Hreppsnefnd og bæjarstjórn skipar leitarforingja. Leitarforingjar skipa í leitir, og ræður hver þeirra yfir sínu safni þangað til það er komið í rjettir, er hver leitarmanna skyldur til að sýna honum fulla hlýðni.